


**Grunnmynd efri hæðar**
mkv. 1:100




Samþykkt þann
02. des. 2015
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

**Afstöðumynd**
mkv. 1:500

## BYGGINGARLÝSING

Húsið, sem er tveggja hæða einbýli með innbyggðri bílageymslu, er staðsteypt á hefðbundinn hátt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak klætt bárujárni. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

ÞAK. Þak er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á steyptum útveggjum og steyptum bitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu, pappa og bárujárni. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 14°.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir á hefðbundinn hátt, og einangrað að innan. Húsið er múrað að utan með sléttri áferð og málað hvítt.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftaklæðningar í bílageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitalagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bílageymslu.

LOFTRÆSTING LOKAÐRA RÝMA. Loftræsta skal öll gluggalaus rými, annað hvort með útblæstri um veggviftur eða loft-túður.

ELDSTÆÐI. Varðandi frágang á eldstæði og reykháf er vísað til 192 gr. og 193 gr. Byggingarreglugerðar. Einnig er vísað til leiðbeininga Brunamálastofnunnar ríkisins og Rb blaðs um frágang eldstæða.

BRUNAVARNIR. Bílageymsla skal hólfuð af með EI-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

A STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 332,4m2
Heildarrúmmál: 1096,2m3
Skiptarúmmál: 886,950m3

Lóðarstærð er 681,1m2, nýtingarhlutfall=0,453

**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

BO STÆRÐ — Björgunarop
EI-60 — Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.
EICS-60 — Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.
R — Reykskynjarar

LÝSING ERINDIS 08.10.2014:

Eftirfarandi breytingar eru fyrirhugaðar:

1. Hætt er við heita laug sem gert var ráð fyrir á upphaflegum teikningum, en þess í stað er stétt við húsið lengd nær lóðarmörkum, og stoðveggir steyptir kringum hana.

2. Í ljósi reynslunnar er stétt við eldhúsútgang stækkuð þannig að hún nær nú út fyrir SA horn hússins. Steyptur stoðveggur og tröppur úr timbri á lóðamörkum.

3. Frágangi á lóðamörkum norður-hliðar er þannig háttað að þörf er á að byggja pall við þvottahúsútgang í stað þess að hægt sé að ganga beint út á lóðina eins og gert var ráð fyrir á upphaflegum teikningum. Timburpallur með steyptum stoðvegg í baki.

4. Breytingar og nánari útfærsla á frágangi bílastæða og fremri hluta lóðar.


KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf
Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 699 0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


HLÍÐARÁS 41, HAFNARFIRÐI
EINBÝLISHÚSS — 06/28

AÐALUPPDRÁTTUR — mkv: 1:100/500

grunnmynd efri hæðar, afstöðumynd, byggingarlýsing — 0201

hannað: KE teiknað: KE dags:25.nóv.2006

breyting A: 20.07.2007. Neðri hæð stækkuð út í sökkla
breyting B: 08.10.2014. Breytingar á frágangi lóðar
breyting C:
breyting D:

A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.